



Reykjavík, 18. september 2020

R17110135

6600

þþ

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Skyrsla starfshóps um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir

Á fundi borgarráðs þann 17. september 2020 var lagt svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 15. september 2020, ásamt fylgiskjöllum, samþykkt:

Lögð er fram skýrsla starfshóps sem skipaður var af menntamálaráðherra, með aðkomu borgarinnar og ætlað var að gera tillögur um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir. Skýrslan var einnig lögð fyrir á ríkistjórnarfundi þann 11. september sl. Í starfshópnum sátu Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, formaður, Óskar Þór Ármanнsson og Marta Skúladóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Ómar Einarsson og Sif Gunnarsdóttir tilnefnd af Reykjavíkurborg, Lárus Blöndal, forseti Íþróttá- og ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Hannes Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ). Niðurstaða starfshópsins er afgerandi í þá veru að þjóðarhöllin skuli rísa í Laugardal. Þrjár mögulegar staðsetningar í Laugardalnum eru nefndar og er lagt til að umhverfis- og skipulagssvið veiti umsögn um bestu staðsetningu. Jafnframt er lagt til að skýrslunni sé vísað til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs til umfjöllunar og umsagnar. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að byggja hús með 5.000 sætum eða 8.000 sætum. Menntamálaráðherra og borgarstjóri hafa óskað eftir því að hópurinn starfi áfram og vinni ítarlega rekstar- og tekjuáætlun fyrir verkefnið. Sérstaklega þarf að huga að mögulegri samnýtingu, æfingum barna og unglings í hverfinu og notkun skóla, sbr. forgangsröðun á grundvelli íþróttastefnu borgarinnar.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráð samþykkti jafnframt að vísa málinu til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs og óskar eftir að veitt verði umsögn um bestu staðsetningu. Jafnframt var samþykkt að vísa skýrslunni til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs til umfjöllunar og umsagnar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram skýrsla starfshóps sem skipaður var af menntamálaráðherra, með aðkomu borgarinnar og ætlað var að gera tillögur um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir. Niðurstaða starfshópsins er afgerandi í þá veru að þjóðarhöllin skuli rísa í Laugardal. Þrjár mögulegar staðsetningar í Laugardalnum eru nefndar og er lagt til að umhverfis- og skipulagssvið veiti umsögn um bestu staðsetningu. Jafnframt er lagt til að skýrslunni sé vísað til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs til umfjöllunar og umsagnar. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að byggja hús með

5.000 sætum eða 8.000 sætum. Menntamálaráðherra og borgarstjóri hafa óskað eftir því að hópurinn starfi áfram og vinni ítarlega rekstar- og tekjuáætlun fyrir verkefnið. Sérstaklega þarf að huga að mögulegri samnýtingu, æfingum barna og unglingsa í hverfinu og notkun skóla, sbr. forgangsröðun á grundvelli íþróttastefnu borgarinnar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að óvissu um uppbyggingu þjóðarleikvangs verði eytt sem fyrst. Mikilvægt er að óvissa í þessum málum komi ekki niður á íþróttastarf barna og unglingsa í hverfum borgarinnar. Sem dæmi má nefna að málefni Þróttar í Laugardalnum hafa lengi setið á hakanum vegna óvissu í þessum málum.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Umhverfis- og skipulagssvið